

ÞJÓRSÁ og þverár hennarMeðalrennsli á nokkrum stöðum o.fl.

Samfelldar rennslisathuganir um 8 ára skeið hjá Króki sýna meðalrennslið 385 m $3/s$ um Urriðafoss.

Út frá einstökum rennslismælingum (samanburðarmælingum) og vatnshæðarálestrum um skemmri tíma eru dregnar eftirfarandi ályktanir um meðalrennsli:

Þórisós hjá stíflustæði	14 m	$3/s$
Kaldakvísl hjá Sauðafelli	32	"
Tungná neðan Vatnakvíslar	80	"
Tungná neðan Köldukvíslar	195	"
Þjórsá neðan Hnífár	90	"
Þjórsá um Klofaey	360	"
Þjórsá neðan Fossá	375	"
Þjórsá hjá Skarði	385	"

Þá er hér skrá yfir rennsli smákvísla í Þóristungum, eins og það mældist í sept. 1956:

Neðsta-Kvísl

0,95 m	$3/s$, hiti 7,
--------	-----------------

Kvíslar nál. 6 km frá ármótum Tungnaár og Köldukvíslar, mælistaðir í línu frá brekkunum og norður að Köldukvísl.

	m $3/s$	Vatnshiti °C
Kvísl I.....	2,8	3,6
Kvísl II.....	0,2	3,4
Kvísl III.....	0,07	
Kvísl IV.....	0,4	3,6
Kvísl V.....	0,4	3,7 (Kemur úr djúpu gili)
Kvísl VI.....	1,35	5,2
Kvísl VII.....	0,25	6,0

Nú er öllum nauðsynlegum athugunum lokið við Þjórsá áður en byggðir verða síritarar inn til landsins. Þó er eitt atriði óljóst, sem miklu máli skiptir við staðaval, en það er hvar brýr verða byggðar og vegir lagðir á næstu árum á Þjórsársvæðinu.